

**Nd.**

## **230. Frumvarp**

til laga um, að efni í tunnur, sem ætlaðar eru undir innlenda framleiðsluvöru, skuli undanþegið innflutningstollum.

Flm.: Guðbrandur Ísberg, Bernharð Stefánsson.

### **1. gr.**

Innflutt efni í tunnur, sem ætlaðar eru undir innlenda framleiðsluvöru, skal vera undanþegið hverskonar innflutningstollum.

### **2. gr.**

Ákvæði laga, er fara í bága við þessi lög, eru úr gildi numin.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar er þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

## **Greinargerð.**

Hér á landi eru nú 2 tunniverksmiðjur, sem gætu smiðað mestallar eða allar þær tunnur, er nota þarf í landinu undir sild og kjöt. án þess að bæta við sig nokkru teljandi af vélum. Væri það vitanlega sýnn hagur, ef tunnurnar væru smiðaðar í landinu sjálfu. En þar sem efnið í tunnurnar er tollað nærri eins hátt og tunnurnar tilbúnar, hafa hinar innlendu verksmiðjur ekki getað tekið upp samkeppni við gömul og rik erlend firmu í þessari grein.

Til þess að gera innlent tunnusmiði mögulegt eru aðeins tvær leiðir fyrir hendi. Önnur að afnema innflutningstolla af efni í tunnurnar, eins og

hér er lagt til að gert verði, hin sú, að hækka toll á tilbúnum tunnum, en þar sem sild og kjöt er nú í mjög lágu verði, og sala auk þess ótrygg, þykir ófært að fara þá leið að svo stöddu.